

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Ásgarðs, Lokastígur.*
Í breytingunni felst að lóð 1 við Lokastíg minnkar úr 8.245 m² í 6.223 m² og lóð 3 við Lokastíg stækkar úr 8.785 m² í 10.806 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 9. nóvember 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Mýrarkots, Hlyngerði.*
Í breytingunni felst að lóðinni Hlyngerði 6-8 verður skipt í tvær lóðir, Hlyngerði 6 stærð 7.043 m² og Hlyngerði 8 stærð 7.014 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. janúar 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.